



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
í kvöldverði  
bæjarstjórans í Sörvágur  
Færeyjum  
15. maí 2017**

Ágætu bæjarstjórnarmenn í Sörvági,  
aðrir góðir gestir!

Við hjónin þökkum fyrir þetta góða boð, við upphaf heimsóknar okkar til Færeyja. Eliza hefur aldrei komið til eyjanna áður og ég veit að hún hlakkar til að njóta hinnar einstöku náttúruvegurðar og kynnast því góða fólki sem hér býr. Sjálfur á ég góðar minningar frá mörgum fyrri ferðum hingað, fyrst á barnsaldri með foreldrum. Þá komum við sjóleiðina, dvöldumst hér nokkra daga og héldum svo áfram heim til Íslands. Í barnsminni festist mér sú einstaka minning að sjá landið mitt rísa úr sæ í morgunskímu. Ég efast ekki um að margir Færeyingar hafa kynnst sömu gleði þegar þeir sigla heim og Færeyjar birtast þeim í öllu sínu veldi, með svörtu bergstáli og grænum hlíðum.

Þetta er eitt af því sem við eigum sameiginlegt, stoltar eyþjóðir í norðri. Öldum saman höfum við einnig deilt blíðri og stríðri sambúð við hafið og náttúruöflin. Og uppruni okkar er keimlíkur. Hér skal ekki lagt mat á sannleiksgildi þeirrar frásagnar að Sörvágur dragi nafn sitt af hinum norræna landnámsmanni Sörla en óneitanlega virðist manni það ekki vera út í hött. Þess má reyndar geta að á íslensku hefur Sörvágur stundum verið nefndur Saurvogur á Vogey og þýddi „saur“ þá hér „sýr“ eða „göltur“. Hugsanleg tengist þetta líka dýrkun á frjósemisguðinum Frey í okkar fornu ásatrú. Um það var samin skemmtileg kenning á sínum tíma á Íslandi en hún hefur reyndar verið kveðin í kútinn síðar. Auk þess skilst mér að litlar sem engar heimildir séu um svínarækt í Færeyjum til forna.

Kannski var það einfaldlega svo í fyrndinni að fólk sá hér sendinn vog og kenndi hann við seyrana í fjöruborðinu – Seyrvog. Mér skilst að hér í bæ hafi einmitt komið til tals um miðja síðustu öld að taka það heiti upp en ekkert orðið úr því. Heima á Íslandi var svokölluð náttúrunafnakennning mikið rædd um þær mundir; að nöfn staða sem væru kenndir við fólk – nær alltaf karla – hefðu umbreytt í aldanna rás og í raun hefðu hinir upphaflegu nafngjafar haft náttúru svæðisins til hliðsjónar. Þannig væru Sörlastaðir í raun ekki kenndir við Sörla, skipverja Þóris snepils landnámsmanns í Fnjóskadal, ekki frekar en ykkar ágæti Sörvágur við landnámsmanninn Sörla.

Kæru gestgjafar! Já, við eigum um margt sameiginlega sögu og menningu, Íslendingar og Færeyingar, og tungumálin eru keimlík þótt ég treysti mér ekki til að flytja allt mál mitt á færeysku í þeirri heimsókn okkar hjóna sem nú er hafin. Landar mínir sem búið hafa hér í Færeyjum segja mér að það taki Íslending einungis nokkrar vikur eða mánuði að ná tökum á færeyskunni. Svo lengi verðum við ekki hér en hlökkum til að kynnast betur næstu daga Færeyingum, hinni góðu vina- og grannþjóð okkar Íslendinga.